



REGLUR

Hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur

Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð, ásamt rými í Tjarnarsal. Salir fyrir hjónavígslur eru til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00. Fylla þarf út umsókn um afnot af rýmum fyrir hjónavígslur á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

1.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á sölum Ráðhúss fyrir hjónavígslur, og heldur utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.

2.

Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis. Dúkar og kertastjakar eru innifalin í leigu. Leiguverð er 32.500 kr. auk vsk. á virkum dögum en 43.500 kr. auk vsk. á laugardögum.

3.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útvegar vígsluaðila og votta. Fulltrúi viðburðastjórnar er til taks á meðan á athöfn standur.

4.

Athöfnin skal taka að hámarki eina klukkustund og fer fram standandi. Sé athöfn haldin í Turni eða Tjarnarbúð skulu gestir ekki vera fleiri en 20. Í Tjarnarsal skulu gestir ekki vera fleiri en 50. Aðgengi er tryggt fyrir öll.

5.

Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyfilegt að vera með hrísgrjón, sápukúlur, glitpappír (konfetti) eða þess háttar.

6.

Ef óskað er eftir afnotum af Tjarnarsal fyrir opinn viðburð þar sem til standur að gefa saman fjölda tilvonandi hjónaefna, án endurgjalds fyrir þau, er viðburðastjórn heimilt að falla frá leiguverði skv. 2. gr. reglna þessara.

7.

Reglur þessar taka gildi þann 28. febrúar 2025. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss og eru þær staðfestar af Forsætisnefnd.

